

Alþingi
Erindi nr. P 127/627
komudagur 22.1.2002



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 18. janúar 2002
Tilvísun: DKM01110266/000/BT/--

Visað er til bréfs yðar, dags. 21. nóvember 2001 þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Ráðuneytið leitaði álits bótanefndar á erindi þessu með bréfi dags. 26. nóvember 2001 og barst það með bréfi hennar dags. 14. janúar 2002. Er afrit þess meðfylgjandi.

Með vísan til álits bótanefndar og tölulegra upplýsinga sem þar eru veittar telur ráðuneytið að í frumvarpinu séu ekki færð nægilega sterk rök fyrir þörfinni á því að breyta lögunum sem miða að því að víkja megi frá skilyrði um tímafresti í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum en með því má ætla að undanþágur frá tímafrestum gangi lengra en þær sem heimilaðar eru skv. 3. mgr. 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 118/1999. Í 3. mgr. 6. gr. segir að þegar veigamikil rök mæli með því, megi víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Ráðuneytið tekur því undir sjónarmið bótaefndar um að nauðsynlegt sé að huga nánar að röksemdum fyrir breytingunum áður en af þeim verður, einkum um tengsl frumvarpsins við 3. mgr. 6. gr. laganna.

F. h. r.

Björg Thorarensen / Dís Sigurgeirsdóttir

DÖMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 000	Ásm. RY
Innk.: 18 JAN. 2002	
DKM 0110266	

BÓTANEFND samkvæmt lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota.

Hafnarfirði, 14. janúar 2002.

Vísað er til bréfs sem ráðuneytið ritaði bótanefnd 26. nóvember 2001. Því fylgdi afrit af bréfi allsherjarnefndar Alþingis til ráðuneytisins þar sem þess var óskað að ráðuneytið léti nefndinni í té umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 69/1995 um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í bréfi ráðuneytisins til bótanefndar er óskað eftir áliti nefndarinnar á þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér.

Framangreint erindi hefur verið rætt á tveimur fundum bótanefndar. Er það niðurstaða þeirrar umræðu að ekki sé rétt að nefndin taki efnislega afstöðu til þess lagafrumvarps sem hér um ræðir. Hins vegar þykir nefndinni rétt að taka eftirfarandi fram.

Frá því að bótanefnd tók til starfa 1. júlí 1996 hefur alls 24 umsóknum um bætur verið hafnað á grundvelli 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 69/1995. Í tveimur þessara tilvika var bóta krafist vegna kynferðisbrota gegn börnum (mál nr. 58 og 88/1998) og í tveimur tilvikum var um að ræða líkamstjón sem sannanlega var ekki að fullu fram komið þá er eins árs umsóknarfrestur samkvæmt ákvæðinu var liðinn (mál nr. 103/1997 og 7/1998). Vera kann að bótaréttur samkvæmt lögum nr. 69/1995 stofnist í þessum tilvikum ef framangreint frumvarp verður að lögum. Ekki verður hins vegar í fljótu bragði séð að það geti átt við um aðrar umsóknir sem hafnað hefur verið samkvæmt framansögðu.


Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir svo meðal annars: „Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum nr. 118/1999 kemur fram að lögnum sé fyrst og fremst ætlað að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota, og þá alveg sérstaklega þeirra barna sem þolað hafa kynferðislegt ofbeldi, en jafnframt er gert ráð fyrir að önnur tilvik geti réttlætt frávik. Gert er ráð fyrir að sú undantekningarheimild sem hér er lögð til nái til sömu tilvika og 3. mgr. 6. gr. en

jafnframt að heimild þessi verði rýmri í þeim skilningi að fleiri tilvik gætu fallið undir ákvæðið en unnt er að heimfæra undir 3. mgr. 6. gr. Gert er ráð fyrir að auk þeirra tilvika sem nefnd eru í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 118/1999 geti gildar ástæður í þessu samhengi t.d. verið að tjón hafi ekki verið komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en frestur samkvæmt lögnum rann út og framlagning umsóknar af þeim sökum erfiðleikum bundin." Í þessu felst að ráð er fyrir því gert að heimildir til að víkja frá tímafresti í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 69/1995 verði rýmri en þær sem taldar eru felast í 3. mgr. 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 118/1999. Af hálfu bótanefndar er hvatt til þess að hugað verði sérstaklega að því hvort gild rök standi til þessarar tilhögunar.

Beðist er velvirðingar á því hversu langan tíma það hefur tekið að svara erindi ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

f.h. bótanefndar



Þorgeir Ingi Njálsson.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,

Arnarhvoli,

150 Reykjavík.